

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Bjarnadóttur, Bolungarvík, útgefin á venjulegan hátt að man-⁷⁸
 datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. ágúst 1930. Skipulags-^{30. ágúst}
 skráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Minningarsjóð Guðnýjar Bjarnadóttur, Bolungarvík“.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 krónur, sem kvenfélagið „Brautin“ í Bolungarvík hefir að mestu lagt fram og er það ávaxtað í Sparisjóði Bolungarvíkur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kosta uppeldi á fátækum og munaðarlausum börnum í Hólshreppi til fullnaðs 16 ára aldurs, einu eða fleirum í senn, eftir nánari reglum er stjórn sjóðsins setur.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: formaður kvenfélagsins „Brautin“ í Bolungarvík, sóknarprestur Hóls-prestakalls og einn maður úr hreppsnefnd Hólshrepps, sem hún kýs til 5 ára í senn. Ef kvenfélagið „Brautin“ hverfur úr sögunni útnefni sýslumaður Ísafjarðarsýslu kvenmann búsettan í Hólshreppi sem þriðja stjórnanda sjóðsins. Stjórnin heldur gerðabók og færir reikninga sjóðsins. Þeir fylgja sveitareikningi Hólshrepps til endurskoðunar og samþykktar.

4. gr.

Sjóðurinn skal jafnan ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur. Ef hann hættir störfum, eða liður undir lok, ákveður stjórn sjóðsins hvar hann skuli ávaxtaður eftirleiðis.

5. gr.

Allir vextir sjóðsins, gjafir og aðrar tekjur, sem honum kann að áskotnast, leggjast við höfuðstólinn þar til hann hefir náð þeirri upphæð að stjórn-

78 in telji vextina næga til þess að kosta sómasamlega uppeldi á einu barni. Á-
 30. ágúst kveður hún þá hvaða barn sjóðurinn skuli taka að sér, ef um fleiri en eitt er
 að ræða. Ef sjóðurinn eflist svo, að vextir hans nægi til þess að kosta uppeldi
 á fleiri en einu barni í senn, tekur stjórn sjóðsins á sama hátt ákvörðun
 um það.

Bolungarvík, 26. maí 1930.

Í stjórn kvenfélagsins „Brautin“ í Bolungarvík:

Sólveig G. Ólafsdóttir. Elín Guðmunds.

Guðrún Magnúsdóttir.

79
 31. ágúst

REGLUGERÐ

um

kynbætur hesta.

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta, 2ja vetra eða eldri, ganga lausa í heima-
 högum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum eða reglugerð þessari.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera til hrossakynbótanefnd, skipuð þrem mönn-
 um og skal kjósa nefndina eftir sömu reglum og gilda um kosningu hrepps-
 nefnda. Þar sem hrossaræktarfélag er, sem starfar með styrk frá Búnaðarfé-
 lagi Íslands, ber kynbótanefnd, ef hún er ekki skipuð sömu mönnum og stjórn
 félagsins, að vinna í samráði við félagsstjórnina.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega, innan eða
 utan hrepps, hæfilega marga góða graðhesta, til undaneldis í hreppnum næsta
 sumar. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin jafnan taka á leigu, til
 afnota innan hrepps, og semja um leiguna. Skal nefndin gera hreppsbúum
 kunnugt um val hestanna með auglýsingu fyrir lok marzmanaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna
 saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.